

Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins

Alþingi
Erindi nr. P 139/630
komudagur 2.12.2010

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 2. desember 2010.

Umsögn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um frumvarp til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveitarfélaga), 256. mál.

Það vísast til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 25. nóvember s.l. um ofangreint málefni. Stofnunin fagnar því að hafa fengið umrætt frumvarp til umsagnar. Greiningar- og ráðgjafarstöðin er meginstofnun ríkisins í þágu fatlaðra barna um allt land og tekur til umfjöllunar málefni yfir 500 barna á hverju ári, bæði til frekari greiningar á vanda barns og fjölskyldna þeirra og til ráðgjafar varðandi ýmis konar aðstoð og íhlutun. Stofnunin hefur frá upphafi haft mikil samskipti við aðra þjónustuaðila víðs vegar á landinu, bæði svæðisskrifstofur málefna fatlaðara og skóla-, félags- og sérfræðiþjónustur sveitarfélaga. Stofnunin fagnar því skrefi sem nú er stigið með tilfærslu á framkvæmd þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga, en sveitarfélögin hafa nú þegar umtalsverðar skyldur við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Það er mat stofnunarinnar í ljósi þeirrar reynslu að velflest sveitarfélög séu vel í stakk búin til að útvíkka þjónustu sína við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Engu að síður þarf að huga vel að því að störf með fötluðum börnum krefjast oftast sérþekkingar og það er því mikilvægt að reynt sé að tryggja að starfsfólk með slíka þekkingu og reynslu hverfi ekki af vettvangi við yfirfærsluna.

Stofnunin fagnar 2. grein lagafrumvarps um eftirlitsskyldu ráðherra með lögunum og með væntanlegri gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í þjónustu við fatlaða. Það er afar mikilvægt í starfi Greiningarstöðvar að vel sé skilgreint hvers konar þjónustu fötluð börn eiga rétt á í nærumhverfi sínu, hvar sem þau búa. Þannig viti sérfræðingar stofnunarinnar hvaða kröfur má gera fyrir hönd barns og fjölskyldu að lokinni greiningarvinnu. Þá má benda á að Greiningarstöð hefur á undanförunum árum leitast við að finna og staðfæra gæðamatslista, sem hafa hlotið alþjóðlega umfjöllun og viðurkenningu. Sú þróunarvinna gæti nýst við framkvæmd ofangreindra atriða.


Samkvæmt 11. grein frumvarpins er 12. grein núverandi laga felld alfarið út. Ekki er alla töluliði gömlu 12. greinar að finna í nýjum skilgreiningum á skyldum sveitfélöganna. Þar stingur í augu að mat á umönnunarþörf vegna umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar virðist falla niður, en svæðisskrifstofur hafa sinnt því á undanförunum árum. Þó að þær greiðslur séu á vegum Tryggingastofnunar hefur reynst mikilvægt að þær séu metnar með hliðsjón af annarri þjónustu sem barnið nýtur. Það er reynsla stofnunarinnar að slík tengsl við veitendur annarrar þjónustu vegna barnsins séu mikilvæg og þeim beri að finna farveg við breytingarnar.

Þá er í 10. milligrein 12. greinar gömlu laganna kveðið á um að sjá skuli til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf á svæðinu. Greiningarstöð telur miður að slíkt sé felld út í núverandi lagafrumvarpi og teldi til bóta að því sé fundinn staður í breyttum lögum.

Í 4. grein lagafrumvarps eru tilgreindar breytingar á 5. grein núverandi laga. Sú breyting tekur m.a. til þess að sveitarfélög skuli starfrækja teymi fagfólks til sem "metur heildstætt þörf hins fatlaða fyrir þjónustu....." Matið skal byggt á "viðkenndum matsaðferðum". Í því samhengi vill stofnunin benda á að slíkt mat á stuðningsþörf þarf að vera sem nákvæmast og samræmt, sbr. kafla 3.3 í nýlegri skýrslu ríkisendurskoðunar. Alþjóðlegir matskvarðar gera yfirleitt ráð fyrir að matsaðili sé óháður framkvæmd þjónustunnar og að hann hafi ákveðna reynslu og þekkingu á viðkomandi matstæki. Stofnunin telur því að rétt sé að kveða á um slíkt í væntanlegri 3. milligrein 5. greinar lagafrumvarps.

Greiningarstöð ítrekar ánægju sína með væntanlega tilfærslu og mun leitast við að vinna með samstarfsaðilum við úrlausn þeirra hnökra sem líklegt að verði á framkvæmd lagabreytinganna fyrstu mánuðina, þegar fötluð börn og aðstandendur þeirra og fagfólk á ýmsum vettvangi eru að fóta sig í nýju lagaumhverfi.

Virðingarfyllt



Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður.